

FUNDARGERÐ

Fundur nr. 50 í stjórn Herjólfss ohf., haldinn 19. maí 2020 kl. 19:00

í Pálsstofu, Safnahúsi Vestm.

Mættir voru: Agnes Einarasdóttir, Aníta Jóhannsdóttir, Arndís Bára Ingimarsdóttir, Arnar Pétursson, Birna Vídó Þórsdóttir, Guðlaugur Friðþórsson, Páll Þór Guðmundsson og Guðbjartur Ellert Jónsson framkvæmdastjóri.

Til fundarins var boðað með tölvupósti. Engar athugasemdir bárust varðandi boðunina.

Á dagskrá fundarins voru fimm dagskrárlíðir:

1. **Upplýsingar um fundi með Vegagerðinni varðandi Covid-19 og aðkomu ríkissins að félaginu við þær fordæmalausis aðstæður sem uppi eru.**

Stjórnarformaður upplýsti stjórn um að staðfesting hefði komið frá samgönguráðherra um að ríkið myndi leggja félaginu til allt að 260 milljónir úr neyðarsjóði ríkissins vegna Covid-19. Þetta kom fram á óformlegum fundi ráðherra með bæjarráði Vestm. þann 26. maí sl. Tímabilið sem horft er til eru næstu 3 mánuðir til 1. september. Í ágúst verða áframhaldandi viðræður við Vegagerðina um framhaldið.

Niðurstaða: Stjórnin fagnar því að ríkið sé tilbúið að koma með aukna fjármuni inn í rekstur Herjólfss ohf. vegna þess mikla tekjufalls sem Covid-19 hefur valdið. Þeir fjármunir eru nauðsynlegir til þessa að hægt sé að tryggja eðlilegar samgöngur við Vestmannaeyjar. Stjórnin felur framkvæmdastjóra og stjórnarformanni að vinna með málið áfram.

2. **Ársreikningur til staðfestingar.**

Ársreikningur 2019 borinn fram til staðfestingar. Arndís Bára Ingimarsdóttir óskaði eftir að eftirfarandi yrði fært til bókar:

ABI, PPG og BVP gera athugasemdir við að stjórnarmenn hafa ekki fengið lögfræðilega álitssgerð, sem liggur fyrir, afhenta sem skýringar við lið 13. taka mið af, heldur aðeins verið kynntar niðurstöður.

Niðurstaða: Ársreikningur samþykktur samhljóða og undirritaður.

3. **Starfskjarastefna til staðfestingar.**

Framkvæmdastjóri lagði fram starfskjarastefnu til staðfestingar.

Niðurstaða: Samþykkt samhljóða.

4. **Nýjar samþykktir til kynningar.**
Kynntar voru nýjar samþykktir félagsins.

Stjórn þakkar kynninguna.

5. **Önnur mál.**
Engin önnur mál.

Ekki annað rætt.

Fundi slitið kl. 19:55.

Næsti stjórnarfundur er áætlaður 17. júní 2020.

Fundargerð ritaði Agnes Einarsdóttir.